

Aðalfundur Íslandsbanka 2012

haldinn á Nordica Reykjavík Hilton 27. mars kl. 16:00

Birna Einarsdóttir, bankastjóri

Ágætu aðalfundargestir

Árið 2011 var mikilvægt ár í starfsemi Íslandsbanka þar sem grunnur var lagður að framtíð bankans. Áhersla var lögð á endurskipulagningu fjármála viðskiptavina og endurmörkun viðskiptaeyninga svo þær verði betur í stakk búnar til þess að takast á við aukna samkeppni og veita enn betri þjónustu. Frá stofnun Íslandsbanka hefur verið unnið eftir skýrri og metnaðarfullri stefnu. Við höfum hlustað á starfsmenn og viðskiptavini í þeirri vinnu og hrint hugmyndum þeirra í framkvæmd. Dæmi um slíkt er ný þjónusta sem við kynntum á árinu þar sem viðskiptavinum gefst kostur á að losna við FIT kostnaðinn.

Í mars á þessu ári tóku 850 starfsmenn þátt í fjórða stefnufundinum. Það er ótrúlegur kraftur sem myndast á þessum fundum og gleðin í salnum er nær áþreifanleg. Fundirnir hafa gegnt lykilhlutverki í stefnumótun bankans. Það skiptir höfuðmáli að fá starfsmenn með í slíka vinnu til að allir stefni í sömu átt. Undanfarin ár höfum við í sameiningu skilgreint hlutverk, gildi, framtíðarsýn, stefnu, markmið og lykilverkefni.

Hlutverkið skilgreinir grundvallartilgang Íslandsbanka og hefur staðist þær sviptingar sem hafa verið í umhverfi okkar síðustu misseri.

Gildin voru mótuð af starfsmönnum á fyrsta stefnufundinum sem haldinn var í janúar 2009. Þau eru: fagleg, jákvæð og framsýn og eru í dag kjarninn í menningu okkar. Gildin eru í raun leiðarvísir að ákvörðunum, viðmóti og hegðun starfsmanna og við sjáum í dag fingrafar þeirra á störfum okkar.

Framtíðarsýn okkar er að vera númer eitt í þjónustu en þetta er jafnframt eitt af lykilverkefnum bankans. Þetta er háleitt markmið en við ætlum okkur stóra hluti og vinnum að því hvern dag að komast nær markmiði okkar. Á síðasta ári fór fram mikil vinna við að kortleggja með rannsóknum þá þætti sem viðskiptavinir telja mikilvægasta í þjónustu. Við heimsóttum einnig íslensk fyrirtæki sem eru þekkt fyrir að veita framúrskarandi þjónustu.

Eitt af lykilverkefnum bankans er hagkvæmur rekstur og er eitt af markmiðum okkar að kostnaðarhlutfallið verði undir 60%. Með góðri arðsemi eigin fjár er Íslandsbanki áhugaverður fjárfestingakostur. Við ætlum okkur að vera með yfir 30% markaðshlutdeild á lykilþjónustusviðum og bjóða viðskiptavinum okkar upp á sérfræðiþekkingu í þjónustu við sjávarútveg, orku, sveitarfélög og ferðaiðnað.

Við unnum að 10 lykilverkefnum á árinu 2011 og ætlum okkur nú að færa fjögur þeirra í daglegan rekstur bankans. Við stefndum að því að auka fjölbreytni í fjármögnun bankans og með útgáfu sértryggðra skuldabréfa í kauphöllinni í lok ársins var fyrsta skrefið stigið. Lykilverkefnið þróun viðskiptalíkans sneri að vörumerkjaþróun eignastýringasviðs og eignarleigu bankans. Eignastýring Íslandsbanka varð VÍB sem hefur nú markað sér sérstöðu á markaði meðal annars með auknu

fræðslustarfi og Íslandsbanki Fjármögnun varð ERGO sem hefur náð yfirburðarstöðu á sínum markaði. Við stækkuðum líka efnahag okkar með sameiningunni við Byr og færðum lykilverkefnið besta liðsheildin inn á hvert svið fyrir sig.

Fjögur ný lykilverkefni taka nú við. Þau miða m.a. að því að nýta enn betur slagkraft viðskiptaeininga bankans í aukinni þjónustu við viðskiptavinum og auknum innri vexti. Þá munum við aðlaga stjórnarhætti og ferla bankans að því sem best gerist í alþjóðlegu umhverfi.

Þessar sviðsmyndir lýsa vel því umhverfi sem við höfum starfað í og höfum unnið eftir í stefnumótun og áætlanagerð bankans. Ég sagði alltaf að 2011 yrði árið sem allt myndi gerast. Vorið var aðeins lengur á leiðinni en við áttum von á en svona er víst íslensk veðrátt. Við erum því fyrst að fara inn í vorið núna – það er kaldara en spár gerðu ráð fyrir en ætli það sé ekki dæmigert íslenskt vor.

Árið 2011 var viðburðaríkt eins og ég sagði fyrr. Sigrarnir voru bæði smáir og stórir. Íslandsbanki keypti alla hluti í Kreditkortum og er gert ráð fyrir að fyrirtækið sameinist bankanum 1. apríl. Markmiðið með kaupunum er að styrkja enn frekar stöðu Íslandsbanka í kortaútgáfu, auka við þekkingu og þjónustuframboð á þessu sviði sem og að ná fram hagræðingu. Stærsta verkefnið okkar var þó án efa sameining Íslandsbanka og Byrs. Þetta var löng fæðing. Við biðum eftir samþykki Samkeppniseftirlitsins en höfðum takmarkað aðgengi á meðan að gögnum og starfsfólki Byrs. Við nýttum tímann þó vel og undirbjuggum samrunann eins vel og mögulegt var. Þegar endanlegt samþykki eftirlitsaðila og Alþingis lá fyrir í lok nóvember vorum við tilbúin með nákvæma aðgerðaáætlun. Sameiningin var stór liður í hagræðingu fjármálakerfisins en við hana varð til eitt öflugasta fjármálafyrirtæki landsins. Sameiningin gekk vel og skipti áþekk fyrirtækjamening bankanna tveggja þar miklu. Um 100.000 þúsund viðskiptavinir heimsóttu útibúin okkar í kringum sameininguna og um 70.000 viðskiptavinir hringdu í þjónustuverið. Með sameiningunni höfum við náð þeirri stöðu á viðskiptabankamarkaði sem við ætluðum okkur, að reka hagkvæmasta útibúanetið á landinu með 21 útibú og að vera með markaðshlutdeild yfir 30%.

Viðskiptavinir og starfsfólk hafa tekið breytingunum af jákvæðni og fyrir það erum við þakklát. Rúmlega 80% starfsmanna eru ánægðir með sameininguna og hvernig að henni var staðið.

Það er tæknilega flókið að sameina banka. Gæta þarf þess að viðskiptavinir verði ekki fyrir óþægindum sem hljótast af sameiningunni auk þess sem gefa verður starfsfólki það svigrúm sem það þarf til að læra á ný kerfi. Í stuttu máli þá gekk hinn tæknilegi samruni vonum framár.

Við nýttum bæði útibú Byrs og Íslandsbanka í þessari sameiningu og völdum staðsetningu út frá besta aðgengi viðskiptavina. Útibú Byrs sameinuðust útibúum Íslandsbanka á Kirkjusandi, Reykjanesi og á Akureyri og útibú Íslandsbanka sameinuðust Byr í Hafnarfirði og Kópavogi. Útibú Byrs í Árbæ varð að útibúi Íslandsbanka.

Ágætu fundarmenn.

Ég mun nú fjalla um helstu rekstrarniðurstöður fyrir árið 2011.

Hagnaður af reglulegum rekstri Íslandsbanka á árinu var viðundandi og stenst arðsemiskröfu eigenda bankans. Efnahagsreikningur bankans er traustur sem hefur gert okkur kleift að takast á við

síbreytilegar forsendur í rekstrarumhverfinu. Ársreikningurinn er gerður samkvæmt alþjóðlegum reikningskilastöðlum. Hann er áritaður af stjórn og bankastjóra og jafnframt áritaður án fyrirvara af hálfu endurskoðenda bankans.

Arðsemi eiginfjár af reglulegri starfsemi var 11%. Það er ljóst að óreglulegir rekstrarliðir settu mark sitt á reksturinn og að teknu tilliti til þeirra nam arðsemin 1,5%. Hreinn vaxtamunur nam 4,5% og innlánahlutfall var 86,5%. Kostnaðarhlutfall var 56%. Eiginfjárlutfall bankans er sterkt eða 22,6% í lok ársins og er því vel yfir því 16% lágmarki sem FME setur.

Afkoma Íslandsbanka á árinu 2011 var jákvæð um tæpa 1,9 milljarða króna. Hreinar vaxtatekjur námu 31,2 milljörðum króna. Mismunur á milli ára skýrist í meginatriðum af lækkun vaxtastigs, en stýrivextir Seðlabankans voru að meðaltali 4,4% árið 2011 en 7,8% árið 2010. Hreinar þóknatekjur námu tæpum 6 milljörðum króna. Munurinn milli ára skýrist aðallega af brotthvarfi dótturfélagsins Borgunar hf. úr samstæðunni í lok mars 2011 þegar bankinn seldi hluta eignar sinnar í félaginu í skiptum fyrir hluti í Kreditkortum hf. Borgun hf. varð aftur hluti af samstæðunni 1. desember í tengslum við yfirtöku Byrs. Aðrar rekstrartekjur námu 4,4 milljörðum sem skýrist aðallega af endurflokkun eignahlutar bankans í Icelandair. Laun og launatengd gjöld námu 10,5 milljörðum króna og skýrist hækkun milli ára einkum af kjarasamningsbundnum launahækkunum auk þess sem starfsmönnum fjölgaði við sameininguna. Annar rekstrarkostnaður nam 9,3 milljörðum króna og skýrist hækkun milli ára aðallega af auknum kostnaði við yfirtöku Byrs í tengslum við aðkeypta sérfræðiþjónustu og upplýsingatæknimála. Skattheimta á árinu 2011 jókst talsvert frá fyrra ári en tekjuskattsprósenta fyrirtækja var hækkuð úr 18% í 20%. Þar að auki var innleiddur nýr tímabundinn skattur á fjármálafyrirtæki. Tekjuskattur nam 75 milljónum króna og bankaskatturinn tæpum 700 milljónum króna.

Áhrif einskiptisliða á hagnað ársins eru umtalsverð. Þar telja stærst virðisrýrnun á viðskiptavild og áætlaður kostnaður vegna Hæstaréttadóma um gengislán. Eignir sem fluttust yfir til bankans við sameininguna við Byr voru færðar niður sem og viðskiptavild tengd kaupunum sem var afskrifuð. Með þessu stendur bankinn eftir með sterkan efnahagsreikning sem er nánast án óefnislegra eigna. Virðisrýrnun viðskiptavildar nam 17,9 milljörðum króna. Þessi einskiptiskostnaður hefur áhrif á afkomuna en ekki á sjóðstreymi né lausafjárstöðu bankans. Tekjuaukning bankans vegna yfirtökunnar á Byr mun koma að fullu fram í reikningi hans á þessu ári en áhrif sameiningarinnar munu skila sér af fullum þunga árið 2013.

Áætlaður kostnaður vegna nýfallins gengislánadóms Hæstaréttar var 12,1 milljarður króna, en ljóst er að hann hefur veruleg áhrif á afkomu bankans. Afar mikilvægt er að þeirri óvissu sem enn ríkir um gengislánamálin verði eytt sem allra fyrst. Að teknu tilliti til einskiptiskostnaðar nam hagnaður bankans af reglulegri starfsemi 13,9 milljörðum.

Heildareignir bankans námu tæpum 796 milljörðum króna við árslok 2011 samanborið við rúma 683 milljarða við árslok 2010. Aukninguna, sem nam um 80 milljörðum króna, má að mestu leyti rekja til kaupanna á Byr þar sem innstreymi var enn umfram nýjar lánveitingar. Lánasafnið varð dreifðara við sameininguna. Útlán til einstaklinga jukust um 26% en heildaraukning útlána var um 15%.

Mikið vatn hefur runnið til sjávar í fjárhagslegri endurskipulagningu bæði fyrirtækja og einstaklinga. Við settum okkur það að markmiði að ná hlutfalli lána í endurskipulagningu niður fyrir 20% á árinu og rétt fyrir sameininguna við Byr höfðum við náð því markmiði. Þetta hlutfall hækkaði aftur við sameininguna og var við lok ársins 22,6%. Aftur á móti hefur lánnum sem eru í skilum án þess að hafa þurft að fara í gegnum fjárhagslega endurskipulagningu fjölgað eftir sameiningu. Rétt er að benda á að skilgreining FME á því hvaða lán teljast í skilum er ansi þröng. Ef fyrirtæki sem skuldar t.a.m. 5 milljarða króna og er í skilum með öll lán sín nema eitt þá flokkast heildarútlán til þessa fyrirtækis sem vanskil.

Alls hafa um 17.600 einstaklingar og um 3.000 fyrirtæki hlotið einhverskonar niðurfærslu lána sem samtals nema 343 milljörðum króna hjá Íslandsbanka frá stofnun hans. Að baki þessum tölum er venjulegt fólk og fyrirtæki sem hafa síðustu ár verið í afar óvenjulegum aðstæðum. Við höfum lagt áherslu á að leysa úr málum viðskiptavina með það fyrir augum að þeir standi eftir sem góðir og ánægðir viðskiptavinir.

Heildarskuldir námu 672 milljörðum króna við árslok 2011 samanborið við tæplega 562 milljarða við lok árs 2010. Aukningin sem er tæplega 20% er mestmegnis tilkomin vegna yfirtöku innlána Byrs. Eigið fé í lok árs var 123,7 milljarðar króna samanborið við 121,5 milljarða í árslok 2010.

Íslandsbanki varð fyrsti bankinn til að skrá skuldabréf í kauphöllina frá haustdögum 2008 og náði með því að marka tímamót í enduruppbyggingu íslensks fjármálamarkaðar. Við gáfum út tvær viðbótarútgáfur á nýju ári. Mikil eftirspurn hefur verið eftir bréfunum sem hafa verið seld til breiðs hóps fagfjárfesta. Íslandsbanki undirbýr ennfremur skuldabréfaútgáfu á erlendri grundu og hefur allt frá stofnun lagt áherslu á að viðhalda og byggja upp samskipti við erlendar fjármálastofnanir.

Fjárfestingabankastarfsemi spilar lykilhlutverk í að styðja fyrirtæki að ná fram vexti og þar með að styðja við atvinnusköpun í hagkerfinu. Við finnum fyrir sterkri eftirspurn eftir fleiri fjárfestingakostum hér á landi. Fyrirtæki þurfa einnig fleiri kosti þegar kemur að fjármögnun og áhættustýringu. Okkur ber að bregðast við sem leiðandi banki hér á landi og við sjáum fyrir okkur að efla fjárfestingabankann á þessu ári.

Við höfum verið leiðandi í fyrirtækjaráðgjöf, en eitt stærsta verkefni ársins var vegna hlutafjárútboðs Icelandair í janúar. Íslandsbanki hefur verið atkvæðamikill á verðbréfamörkuðum og stefnir á að halda áfram að miðla fjármagni um hagkerfið og styðja þar með viðskiptavinum okkar við skuldabréfaútgáfur og skráningar á hlutabréfamarkaði. Við vonum svo sannarlega að þetta muni hjálpa hjólum atvinnulífsins aftur af stað og muni um leið leggja grunn að sterkum fjármálamarkaði.

Eins og áður sagði hefur Íslandsbanki markað sér skýra stefnu um að vera númer eitt í þjónustu. Kannanir Capacent Gallup sýna að mikill árangur hefur náðst hjá bankanum í þjónustu við fyrirtæki. Íslandsbanki er álitinn veita bestu þjónustuna til stórra fyrirtækja, vera faglegastur auk þess sem flestir myndu leita til bankans vegna nýrra lánveitinga. Þetta sýnir að við erum á réttri leið en við ætlum okkur að gera enn betur.

Nokkuð hefur verið talað um bankar séu ekki að veita ný útlán. Í því samhengi er rétt að taka fram að um 85% lánsbeiðna eru samþykktar í nefndum bankans. Fyrri hluti ársins var helgaður áframhaldandi

endurskipulagningu stórra fyrirtækja en á síðari hluta ársins varð aukning í nýjum viðskiptum. Ný útlán hjá Íslandsbanka námu um 60 milljörðum króna á árinu 2011. Stærstu verkefni ársins voru meðal annars endurfjármögnun eignarhaldsfélagsins Smáralindar og fjárhagsleg endurskipulagning N1. Þá veitti Íslandsbanki stórum félögum eins og Eimskip, Landsvirkjun og Orkuveitu Reykjavíkur ný útlán. Það eru mörg spennandi verkefni sem bíða okkar á þessu sviði sem munu styrkja uppbyggingu fjármálamarkaðar á Íslandi.

Kannanir sýna einnig yfirburðarstöðu Ergo á markaðnum. Mikill vöxtur hefur verið hjá Ergo á árinu. Útlánhafa tvöfaldast á milli ára en fyrirtæki eru farin að endurnýja tækja- og bílaflota sinn á ný eftir biðstöðu síðustu ára.

Með ötulli vinnu starfsmanna náðum við svo mikilvægum áfanga þegar Íslandsbanki varð efstur meðal fjármálafyrirtækja í Ánægjuvoginni árið 2011. Íslandsbanki hefur ávallt verið afar öflugur á sviði þjónustu og sérstaða Byrs var persónuleg þjónusta. Sameinaður banki hefur því allt til að bera til að viðhalda þessum góða árangri.

Ágætu fundarmenn.

Síðasta ár var mjög annasamt meðal annars vegna sameiningarinnar og fjárhagslegrar endurskipulagningar þúsunda heimila og fyrirtækja. Starfmenn hafa lagt á sig ómælda vinnu og fórnfýsi til þess að við myndum komast þar sem við erum í dag. Það er oft sagt að mannauðurinn sé mikilvægasta auðlind hvers fyrirtækis og það á svo sannarlega við um Íslandsbanka. Starfsfólkið á hrós skilið, ekki bara á tyllidögum sem þessum heldur allan ársins hring. Ég vona að það finni að framlag þeirra er mikils metið.

Framundan eru næg verkefni hjá starfsfólki Íslandsbanka. Um leið og efnahagssumhverfið batnar þurfa fjármálastofnanir að vera í stakk búnar til að styðja við framrás atvinnulífsins. Íslandsbanki er tilbúinn í þá sókn og mun standa undir þeim væntingum sem til hans eru gerðar. Þetta þýðir ekki að við munum slaka á í okkar kröfum eða faglegum vinnubrögðum, en er þó yfirlýsing um að við erum tilbúin í næstu lotu.

Takk fyrir